

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Hvammstanga.****I. KAFLI**

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfesta 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mestu álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld	kr.	289,00
á mánuði fyrir hvern aðalhemil og	kr.	436,00
á mánuði fyrir hvern mæli.		
b. Vatnsgjald	kr.	578,00
á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils og	kr.	26,70
fyrir hvert tonn um mæli.		

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslislutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar sem hreppsnefnd ákveður. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A. Fyrir 300—2000 m ³ :	
Af fyrstu 300 m ³ að utanmáli	kr. 37 800,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr. 29,00
B. Fyrir hús 2000 m ³ og stærrí:	
Af fyrstu 2000 m ³ að utanmáli	kr. 97 900,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr. 28,00
C. Stofngjald fyrir hvern aðrennslíhemil umfram einn á sama inntak	kr. 8 600,00

8. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er í hvert skipti

kr. 680,00

9. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 200 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

10. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

11. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyriræmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 131 21. mars 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 6. júní 1985.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir